

HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

SAMÞYKKTIR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin nær til frístundabyggðar í Sléttuhlíð og Klifsholti.

Breytingin nær til kafla **2.2.9 Frístundabyggð** á bls. 54-55 í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025:

Sléttuhlíð og Klifsholt

Svæði fyrir frístundabyggð er á svonefndu Sléttuhlíðar svæði. Svæðið (F1) er um 230ha og er hluti þess ætlaður undir eiginlega frístundabyggð. Afmörkun svæðisins helgast af því að öll þau frístundahús sem eru í Sléttuhlíð og Klifsholti falli innan þess. Jafnframt er lagt til að þjónusta veitna verði aukin, öryggi akvega bætt og að akandi, gangandi og hjólandi umferð verði aðskilin. Frístundahúsin eru almennt smærri en hefðbundin íbúðarhús og falla vel að landi. Þéttleiki byggðarinnar er miklu minni en í íbúðarhverfum. Frístundabyggðin er umkringd góðum útivistarsvæðum og í tillögu að deiliskipulagi er lögð áhersla á útivistargildi svæðisins. Frístundabyggðin er stutt frá íbúðarhverfum í Hafnarfirði og nýtur ágættra umferðartenginga auk þess sem stutt er að sækja nauðsynlega þjónustu.


Breyttur texti verði:

Sléttuhlíð og Klifsholt

Svæði fyrir frístundabyggð er á svonefndu Sléttuhlíðar svæði. Svæðið er um 230ha og er hluti þess ætlaður undir eiginlega frístundabyggð (F1). Afmörkun svæðisins helgast af því að öll þau frístundahús sem eru í Sléttuhlíð og Klifsholti falli innan þess. Jafnframt er lagt til að þjónusta veitna verði aukin, öryggi akvega bætt og að akandi, gangandi og hjólandi umferð verði aðskilin. Frístundahúsin eru almennt smærri en hefðbundin íbúðarhús og falla vel að landi. Þéttleiki byggðarinnar er miklu minni en í íbúðarhverfum. Frístundabyggðin er umkringd góðum útivistarsvæðum og í tillögu að deiliskipulagi er lögð áhersla á útivistargildi svæðisins. Frístundabyggðin er stutt frá íbúðarhverfum í Hafnarfirði og nýtur ágættra umferðartenginga auk þess sem stutt er að sækja nauðsynlega þjónustu. Heimilt verði að leyfa gistaðstöðu í flokki II í frístundabyggðinni í Sléttuhlíð, skv. h-lið 4. gr. reglugerðar 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Í ferðamálastefnu Hafnarfjarðar kemur fram að stefnt skuli að því að kynna bæinn og nágrenni hans sem kjörin og effirsóttan áfangastað fyrir ferðamenn árið um kring og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun þeirra sem hingað koma. Að bjóða upp á gistingu fyrir ferðamenn í frístundahúsum í Sléttuhlíð, styrkir enn frekar þær áherslur sem fram koma í umræddri stefnu og ennfremur myndi hún styrkja þá ferðamennsku sem þarna er í dag.

Ekki er talið að framfylgd breytingarinnar hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif, en jákvæð áhrif verði vegna uppbyggingar sem þjóna mun fjölbreyttari möguleikum til gistingar og stuðla að eflingu ferðaþjónustu í Hafnarfirði.



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014. Með áorðnum breytingum

Mörk breytinga 1:15.000

Skýringar:

| | |
|-----|--|
| M | Miðbær, miðsvæði |
| VP | Verslunar- og þjónustusvæði |
| S | Samfélagsþjónusta |
| I | Iónaðarsvæði |
| AT | Athafnasvæði |
| IB | Ibúðarsvæði |
| H | Hafnarsvæði |
| F | Svæði fyrir frístundabyggð |
| K | Kirkjugarðar og grafreitir |
| E | Efnistöku- og efnislosunarsvæði |
| IB | Ibúttasvæði |
| OB | Óbyggð svæði |
| AF | Afpregingar- og ferðamannasvæði |
| | Skipulagi frestað |
| SL | Skógræktar og landgræðslusvæði |
| OP | Opin svæði |
| V | Vötn, ár og sjór |
| FS | Frjóljst svæði |
| OM | Önnur náttúruverndarsvæði |
| HV | Hverfisvernd (hvít yfirstríkun) |
| K | Frjóljstar fornminjar |
| VE | Vatnsbólvasvæði |
| VVC | Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II) |
| VVF | Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III) |
| IVP | Bráðabirgða byrningarsvæði álvers sett af Hólabænum ríkisins 1997 |
| | Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð 2,2,6 Iónaðar Sveitarfélagsmörk |
| | Stofnbrautir |
| | Stofnbraut, jarðgöng |
| | Tengibrautir |
| | Safngötur, sýndar að hluta vtinginga |
| | Mislaeg gatnamót |
| | Undirgöng / brú |
| | Göngu- og hjólaleiðir |
| | Reiðleiðir |
| | Útivistarstigjar |
| R | Háspennulína |
| R | Jarðstrengur |
| V | Aðveituað vatnsveitu |
| H | Aðveituað hitaveitu |
| F | Frárennsli |
| | Varnargarðar |
| | Þéttbýlismörk |
| | Tengivirkir |
| S | Spennistöð |


Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt

1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann: 8. desember 2021


Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann: 22. desember 2021



SKIPULAGSSTOFNUN

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild stjórnartíðinda þann: _____ 2021

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

SVÆÐI: SLÉTTUHLÍÐ OG KLIFSHOLT



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
HAFNARFJARÐAR
20.4.2021/Lagfært 8.6.2021 og 6.10.2021 skv. aths.
Skipulagsstofnunnar dags. 4.6.2021 og 15.9.2021
BERGLIND GUÐMUNDSDÓTTIR